

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð bensínstöðvar við Hafnarstræti 21, Ísafirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðar bensínstöðvar við Hafnarstræti 21 á Ísafirði.

Breytingin tekur til breytinga á tengingum lóðarinnar við gatnakerfi, lóðin stækkar og verður 2671 m² og heimilt verður að byggja allt að 350 m² hús innan byggingarreits. Hámarkshæð skyggis verður 6 m.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 22. desember 2005.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006